

Nd.

174. Framvarp

til laga um heimild til að reka lyfjaverslun á Íslandi.

Flutningsm.: Bernharð Stefánsson.

1. gr.

Heimilt er að veita bæjar- eða sveitarfjlagi, samvinnufjlagi eða einstökum mönnum leyfi til að reka lyfjaverslun á Íslandi.

2. gr.

Hverri lyfjabúð skal jafnan veitt forstaða af sjerfróðum manni, er lokið hefir þeirri þekkingarraun í lyfjafræði, sem heilbrigðisstjórnin krefst á hverjum tíma.

3. gr.

Nú kemur í ljós, að lyfjaverslun er rekin án þess að sjerfræðingur, er uppfyllir skilyrði 2. gr., veiti henni forstöðu, og skal þá heilbrigðisstjórnin tafarlaust láta loka þeirri lyfjabúð, uns úr er bætt.

Greinargerð.

Fyrirmælin um lyfjaverslun eru orðin mjög gömul og voru gefin þegar lífsskilyrði á Íslandi voru mjög ólík því, sem nú gerist. Fram á síðustu tíma hefir lyfjaverslunin, og heildsalan öllu meir en smásalan, verið í höndum útlendinga, og enn er íslenska þjóðin ósjálfstæðari í lyfjaverslun sinni en nokkurri annari viðskiftagrein.

Ef framvarp þetta verður að lögum, mun ástandið í þessum efnun fljótt breytast. Í sumum helstu mentalöndum álfunnar er mjög algengt, að bæjarfjelög reka lyfjaverslun, og enn algengara er þó, að hlutafjelög eða samvinnufjelög reki slíka verslun. Með því móti er auðveldara að tryggja lyfjaversluninni fjármagn, og undir sumum kringumstæðum neytendunum betri og ódýrari vöru heldur en með eldra laginu, þar sem sami maður átti að hafa nægilegt fjármagn og næga sjerþekkingu.

Sú staðreynd, að lyfsalar hafa sumstaðar á Íslandi safnað á skömmum tíma stórauði, sem stóð í fullkomnu ósamræmi við efnaleysi flestra, sem mest skifti hafa haft við lyfjabúðirnar, er ef til vill öflugasta röksemdin fyrir því, að bæta mætti þessa verslun með frjálslegra fyrirkomulagi.